



Heilbrigðisráðherra Willum Þór Þórsson
hrn@hrn.is

Kópavogi, 22. desember 2022

Efni: Rafrænar sjúkraskrár.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) vísar til fréttar á heimasíðu heilbrigðisráðuneytisins um að heilbrigðisráðherra hafi skipað stýrihóp um stafrænar lausnir í heilbrigðisþjónustu, sjá: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/12/15/Styrihopur-um-stafrænar-lausnir-i-heilbrigdisthjonustu/>. Um leið og stjórn LÍ fagnar því frumkvæði sem heilbrigðisráðherra sýnir með skipun þessa vinnuhóps vill hún um leið lýsa áhyggjum sínum yfir því að ekki skuli hafa verið talin ástæða til að leita tilnefningar LÍ á fulltrúum í nefndina.

Fyrir liggur að mikilvægustu stafrænu lausnirnar í heilbrigðisþjónustu snúa að nothæfu og skilvirku rafrænu sjúkraskrárkerfi. Læknar eru líklega sá hópur heilbrigðisstarfsmanna sem verja mestum tíma í skráningar í sjúkraskrár. Það skiptir því miklu máli fyrir allt vinnuumhverfi lækna sem og fyrir öryggi sjúklinga að rafrænar sjúkraskrár séu aðgengilegar, notendavænar og skilvirkar. Um þetta hafa aðalfundir LÍ mörgum sinnum ályktað, síðast á aðalfundi 15. október 2022. Ályktunin fylgir hjálögð, en hún hefur þegar verið send heilbrigðisráðherra.

Það veldur stjórn LÍ því miklum vonbrigðum að ekki skuli hafa verið talin ástæða til að fá beina aðkomu LÍ að vinnu þessa stýrihóps.

Stjórn LÍ ákvað nýverið að skipa vinnuhóp um rafrænar sjúkraskrár til að fylgjast með þróun rafræna sjúkraskráa á heilbrigðisstofnunum hér á landi, veita stjórnvöldum aðhald vegna mála er tengjast rafrænum sjúkraskráum og gera tillögur til stjórnar LÍ um stefnumörkun í þessum málaflokki.

Í vinnuhópnum eru læknarnir Ragnheiður Baldursdóttir frá Félagi sjúkrahúslækna, Sigurveig Margrét Stefánsdóttir frá Félagi ísl. heimilislækna, Tryggvi Helgason frá Læknafélagi Reykjavíkur og Þórdís Þorkelsdóttir frá Félagi almennra lækna

Stjórn LÍ vill vekja athygli heilbrigðisráðherra og stýrihópsins á þessum nýja vinnuhópi LÍ og treystir því að fyrrnefndur stýrihópur muni í störfum sínum bæði kalla til sín fulltrúa LÍ sem og vinnuhópinn sjálfan.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,

Steinunn Þórðardóttir,
formaður

Hjálagt: Ályktun aðalfundar LÍ 2022 um rafrænar sjúkraskrár.
Afrit: Embætti landlæknis.